

Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. desember 2021
Tilvísun: 202111-0035
SS
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar hótels á Reynivöllum.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 24. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd við byggingu hótels á Reynivöllum í Suðursveit eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Sveitarfélagsins Hornafjarðar, þann 16. mars 2020, um deiliskipulagstillögu við Reynivelli II.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu tilkynningunni og telur að þótt framkvæmdin valdi staðbundnu raski og breyti ásýnd svæðisins verulega þá sé ekki þörf á að framkvæmdin fari í fullt mat á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningunni hefði mátt fjalla mun betur um náttúrufræðisáhrif svæðisins og í kafla um náttúruvernd kemur ekki fram nálægð svæðisins við Vatnajökulsþjóðgarð, eða við svæði á náttúruminjaskrá (nr. 635 Breiðamerkursandur, Jökulsárlón og jökulöldur við Kvíárjökul). Ekki kemur heldur fram að svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis ([Breiðamerkursandur–Fagurhólsmýri | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)).

Ekki kemur fram hvar sótt verður efni til að hækka land á framkvæmdasvæðinu til að tryggja örugga hæð mannvirkja þar sem er flóðahætta.

Framkvæmdin er ekki staðsett innan náttúruverndarsvæðis og þótt framkvæmdinni fylgi rask á öröskuðu gróðurlendi er það ekki metið með mjög hátt verndargildi. Mestu áhrifin verða á landslag og ásýnd svæðisins og mjög mikilvægt er að byggingar og önnur mannvirki falli sem best inn í landslagið. Þá þarf að draga úr óþarfa raski og hlífa gróðri sem ekki á að raska á framkvæmdatíma. Forðast skal t.d. að mynda slóða að óþörfu. Taka þarf tillit til fuglalífs á svæðinu. Hlífa skal Hrollaugshólum við óþarfa raski, einnig við framkvæmd vatnstöku á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum ef svo ber undir

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar



